

Símtalagjöld til útlanda verða frá sama tíma sem hér segir:

62  
22. marz

	Gjald fyrir fyrstu 3 mín.:	Gjald fyrir hverja umfram mín.:	Afturköllunar- gjald:
Danmörk .....	kr. 96.00	kr. 32.00	kr. 16.00
Finnland .....	— 96.00	— 32.00	— 16.00
Noregur .....	— 96.00	— 32.00	— 16.00
Svíþjóð .....	— 96.00	— 32.00	— 16.00
England .....	— 96.00	— 32.00	— 16.00
Dýzkaland .....	— 135.00	— 45.00	— 22.50
Belgía .....	— 135.00	— 45.00	— 22.50
Holland .....	— 135.00	— 45.00	— 22.50
Frakkland .....	— 135.00	— 45.00	— 22.50
Sviss .....	— 150.00	— 50.00	— 25.00
U. S. A. ....	— 198.00	— 66.00	— 12.25

Símtala- og símskeytagjöld innanlands haldast óbreytt.

Póstburðargjöld innanlands og til Norðurlanda haldast óbreytt, en hækka frá sama tíma til annarra landa sem hér segir:

**Bréf:** Fyrstu 20 g 150 aurar, fyrir hver viðbótar 20 g 90 aurar.

**Bréfsþjöld:** Einföld 90 aurar, tvöföld 180 aurar.

**Verzlunarskjöl:** Allt að 200 g 150 aurar, fyrir hver viðbótar 50 g 30 aurar.

**Prent og sýnishorn:** Fyrstu 50 g 60 aurar, fyrir hver viðbótar 50 g 30 aurar.

**Blindraprent:** Hver 1000 g 15 aurar.

**Löftbréf:** Bréfsefni með frímerki 175 aurar.

*Póst- og símamálastjórnin, 22. marz 1950.*

**Guðmundur Hlíðdal.**

*E. Sandholt.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Marius Nielsen“, út- 63  
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1950. 24. marz

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Marius Nielsen.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Marius Nielsen útgerðarmanni í Kaupmannahöfn. Stofnfé sjóðsins eru 20000.00 ísl. krónur, sem hann hefur afhent Slysavarnafélagi Íslands til ráðstöfunar.

2. gr.

Sjóðurinn ber nafn gefandans.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru árlegir vextir af stofnfé hans, krónur eitt þúsund, er Slysavarnafélag Íslands leggur til á næstu 10 árum, svo og annað fé, sem honum kann að áskotnast frá einstökum mönnum eða félögum.

63

24. marz

4. gr.  
Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun til manna, er stofna lífi sínu í bersýnilega hættu við björgun manna úr sjávarháská, svo og til að styrkja vandamenn eða nána ættingja þeirra manna, sem verða fyrir líftjóni af sömu orsökum.

5. gr.

Stjórn Slysavarnafélags Íslands hefur stjórn sjóðsins með höndum, skal hún halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem skráðar eru allar verðlauna- og styrkveitingar, hverjir hafa hlotið hverju sinni.

6. gr.

Verðlaun eða styrk úr sjóðnum á að jafnaði aðeins að veita sama manni einu sinni. Í sérstöku skjali er fylgi upphæðinni, skal tilgreina nafn móttakanda og ástæður fyrir veitingunni.

7. gr.

Verja skal fjórum fimmtu af árlegum vöxtum sjóðsins í umræddu skyni, samkvæmt 4. gr., en einn fimmti af vöxtunum leggist við höfuðstólinn.

8. gr.

Stjórn Slysavarnafélags Íslands tekur árlega ákvörðun um veitingu verðlauna eða styrkja úr sjóðnum, og skal þeim úthlutað á afmælisdegi gefandans þann 10. marz. Gefist ekki tilefni til verðlauna eða styrkveitingu leggjast vextirnir óskertir við höfuðstólinn.

9. gr.

Sjóðinn skal ávaxta og geyma í ríkistryggðum skuldabréfum. Verðlaunaveitingar og árlega reikninga hans skal birta í B-deild Stjórnartíðinda, svo og í árbók Slysavarnafélags Íslands.

10. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins skal staðfest af forseta Íslands.

11. gr.

Skipulagsskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 1. desember 1949.

Í stjórn Slysavarnafélags Íslands.

Guðbjartur Ólafsson. Sigurjón Á. Ólafsson. Árni Árnason.

Friðrik V. Ólafsson. Ólafur Þórðarson. Guðrún Jónasson.

Rannveig Vigfúsdóttir.